

Fyrning lífeyrisréttinda

Kynningar- og samráðsfundur Landssamtaka lífeyrissjóða, 14. október 2025

Víðir Smári Petersen, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands

Samhengi



- Álitsgerð til LL 23. júní 2025 (ein stutt útgáfa – önnur löng).
- Hvaða réttarreglur gilda um fyrningu sameignarréttinda?
- Hvaða réttarreglur gilda um fyrningu séreignarréttinda?
- Er breytinga þörf?
- Mikilvægt:
 - Íslensku fyrningarlögin þýðing á norskum lögum – ekki var nægjanlega gætt að samhengi við íslenskt lífeyrissjóðakerfi.
 - Breytingar orðið á lögum nr. 129/1997 frá því að fyrningarlögin tóku gildi 1. janúar 2008 (eingreiðsla séreignarréttinda við 60 ára og tilgreind séreign).

Sjónarmið sem togast á



- Lífeyrisréttindi gríðarlega mikilvæg. Eiga að tryggja framfærslu réttshafans í lifanda lífi. Eru stjórnarskrárvarin eignarréttindi.
- Samfélagslegir hagsmunir fólgnir í því að fjármunir standi ekki óhreyfðir um ókomna tíð. Almenn löggjafarstefna að slík réttindi fýrnist.
 - Lykilatriði í samtryggingarkerfinu að ónýtt réttindi nýtist öðrum.
 - Séreignarréttindi frábrugðin, en hvað ef ekki tekst að hafa upp á erfingjum?

Sameignarréttindi



- Fyrnast eftir 6. gr. fyrningarlaga, sem hljóðar svo (mínar áherslur):
 - „Krafa sem er umsamin eða ákveðin vegna eftirlauna, framfærslueyris, meðlags eða annarrar greiðslu, og fellur í gjalddaga með jöfnu millibili og er ekki afborgun af höfuðstóli, fyrnist þegar liðin eru tíu ár frá þeim degi sem síðasta greiðsla var innt af hendi. Ef engar greiðslur hafa átt sér stað byrjar fresturinn að líða frá þeim degi þegar kröfuhafi gat krafist þess að fá greidda fyrstu greiðsluna. Einstakar gjaldfallnar greiðslur fyrnast enn fremur eftir ákvæðum 3. gr.“
- Réttarstaðan skýr þegar rétthafi hefur hafið töku lífeyris. Grunnrétturinn til lífeyris fyrnist á tíu árum frá því að síðasta greiðsla barst og einstaka greiðslur fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga.
- En hvað ef rétthafi er ekki byrjaður að nýta réttindin? Þegar samþykktir leyfa töku lífeyris frá 60 ára aldri, gætu sameignarréttindi verið með öllu fyrnd við 70 ára aldur?
- Mín niðurstaða að eðlilegra sé að fyrningarfresturinn byrji að líða þegar rétthafi gat í síðasta lagi gert kröfu um fyrstu lífeyrisgreiðsluna. Þessi skýringarkostur þó alls ekki gallalaus.

Séreignarréttindi – Almennt



- Fjórar tegundir: 1) bundin séreign, 2) frjáls séreign, 3) tilgreind séreign og 4) viðbótarlífeyrissparnaður.
- Aðeins eitt sem sameinar allar tegundirnar – að réttindin erfast eftir ákvæðum 4. mgr. 11. gr. laga nr. 129/1997.
- Varðandi álitæfni um fyrningu „hegðar“ bundin séreign sér eins og réttindi í sameign.
 - Óheimilt að taka hana út með eingreiðslu við 60 ára aldur.
 - Greidd út mánaðarlega.
- Niðurstaða um bundna séreign: Fyrnist eftir ákvæðum 6. gr. fyrningarlaga, eins og sameignarréttindi.

Séreignarréttindi – Frjáls séreign og viðbótarlífeyrissparnaður



- Eiga margt sameiginlegt þegar kemur að álitaefnum um fyrningu.
 - Heimilt að taka út með eingreiðslu við 60 ára aldur (þótt heimilt sé að dreifa greiðslum).
 - Falla því illa að 6. gr. fyrningarlaga.
- Í Noregi fynrast IPO/IPA-samningar eftir 4. gr. fyrningarlaga, en þar segir (mínar áherslur):
 - Krafa vegna innláns eða verðmæta sem lögð hafa verið inn hjá fjármálafyrirtæki, opinberum sjóði eða öðrum aðila, sem hefur heimild að lögum til að taka við innlánnum frá almenningi, auk vaxta af slíkum kröfum, fyrnist á 20 árum frá þeim degi er verðmætin voru lögð inn. Nýr fyrningarfrestur byrjar að líða þegar kröfuhafi hefur fengið umráð fjármunanna með því að taka þá út eða setja fjármuni inn á reikninginn.
- Ýmis álitaefni:
 - Eru „vörslur“ séreignarsjóða sambærilegar?
 - Lífeyrissjóðir eru ekki aðilar sem taldir eru upp í 4. gr. Hvað gerist þegar vörsluaðili er viðskiptabanki?
 - Hvað gerist í tilviki rétthafa sem hættir að greiða í séreignarsjóð á tilteknum tímapunkti?
- Mikilvægt: Er eðlilegast að líta svo á að þessi séreignarréttindi fyrnist ekki?

Séreignarréttindi – Tilgreind séreign



- Lífeyrissjóðir geta heimilað að 3,5% af 15,5% af lágmarksiðgjaldi sé ráðstafað í séreignarsjóð.
- Tilgreind séreign hefur einkenni bæði bundinnar og frjálsrar séreignar.
 - Heimilt að *hefja* útgreiðslu þegar rétthafi hefur náð a.m.k. 62 ára aldri og greiðslum dreift á jafnar mánaðarlegar greiðslur þar til rétthafi nær 67 ára aldri.
 - Heimilt að greiða út með eingreiðslu þegar rétthafi nær 67 ára aldri.
- Gildir 6. gr. fyrningarlaga um tilgreinda séreign frá 62 til 67 ára aldurs, ef rétthafi ákveður að nýta réttindin á þeim tíma?
- Hvað gerist þá við 67 ára aldur þegar heimilt er að taka út í eingreiðslu? Sömu álitafni og varðandi frjálsa séreign og viðbótarlífeyrissparnað?

Er þörf á breytingum?



- Nokkuð skýrt að 6. gr. frnl. gildir um sameignarréttindi og bundna séreign, en nauðsynlegt að taka betur af skarið um það hvenær fyrningarfrestur hefst.
- Réttaróvissa um það hvaða lagaregla gildir um önnur séreignarréttindi og virðast ýmis handahófskennd atriði geta ráðið hvaða regla gildir.
- Sá skýringarkostur kemur vel til greina að séreignarréttindi séu óháð fyrningu, a.m.k. á meðan réttihafi er á lífi.
- Eðlilegt er að lífeyrisréttindi geti fyrnst en það á þó að vera undantekning. Grófar hugmyndir:
 - Hafa ríflegan fyrningarfrest, t.d. 10–20 ár, sem hefst á síðasta mögulega tímamarki nýtingar réttindanna.
 - Rétt að tilkynna um yfirvofandi fyrningu kröfunnar – annars fyrnist hún ekki.
- Mikilvæg útfærsluatriði:
 - Hvaða reglur eiga að gilda um fyrningu séreignarréttinda eftir að þau erfast?
 - Hvert á að ráðstafa fyrndum réttindum?